

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 142/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/111 frá 24. janúar 2019 um leyfi fyrir humlakjarna (*Humulus lupulus* L. flos) sem fóðurukefni fyrir fráferugrísi, eldissvín og aukategundir svína, fráferð og til eldis ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/144 frá 28. janúar 2019 um leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), sem fóðurukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis (leyfishafi er Fertinagro Biotech S.L.) ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 283. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/49) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „284. **32019 R 0111:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/111 frá 24. janúar 2019 um leyfi fyrir humlakjarna (*Humulus lupulus* L. flos) sem fóðurukefni fyrir fráferugrísi, eldissvín og aukategundir svína, fráferð og til eldis (Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 14).
285. **32019 R 0144:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/144 frá 28. janúar 2019 um leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), sem fóðurukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis (leyfishafi er Fertinagro Biotech S.L.) (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 8).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 8.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2019/111 og (ESB) nr. 2019/144, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.